

Til allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis

Efni: Umsögn um 83. mál, Frumvarp til laga um mannanöfn

Sumarið 2016 birti innanríkisráðuneytið á vef sínum [drög að nýju frumvarpi](#) „um breytingar á lögum um þjóðskrá og almannaskráningu“. Samkvæmt því frumvarpi var gert ráð fyrir að gildandi [lög um mannanöfn](#) féllu brott í heild sinni, en inn í nýju lögin kæmu nokkur ákvæði um mannanöfn og skráningu þeirra. Ráðuneytið [óskaði eftir samráði](#) við almenning um þessar breytingar. Ég samdi þá ítarlegar athugasemdir og sendi ráðuneytinu. Þótt hér sé um nýtt frumvarp að ræða á verulegur hluti þeirra athugasemda enn við og ég endurtek þær því hér með nokkrum breytingum.

Í [athugasemdum ráðuneytisins við frumvarpsdrögin](#) 2016 voru talin upp í níu liðum þau ákvæði núgildandi mannanafnalaga sem gert var ráð fyrir að féllu brott. Þessir níu liðir eiga allir við það frumvarp sem hér liggur fyrir. Vegna þess að þeir varða atriði sem skipta miklu máli fyrir afstöðu fólks til frumvarpsins tek ég þá hér upp skáletraða og geri athugasemdir við hvern fyrir sig.

a. Ákvæði um hámarksfjölda nafna.

Engin ástæða, nema e.t.v. praktísk, er til að takmarka hámarksfjölda nafna.

b. Ákvæði um að eiginnafn skuli geta tekið íslenska eignarfallsendingu eða hafa unnið sér hefð í íslensku máli, megi ekki brjóta í bága við íslenskt málkerfi og skuli ritað í samræmi við almennar ritreglur íslensks máls nema hefð sé fyrir öðrum rithætti þess.

Framangreind ákvæði eru sett til verndar íslenskri tungu og eru þannig út af fyrir sig góðra gjalda verð. En þau eru öll vandmeðfarin og háð túlkun. Í sjálfu sér geta nánast öll nöfn tekið eignarfallsendingu; það eru helst kvenmannsnöfn sem enda á *-e* (s.s. *Maxine*) sem er erfitt að setja eignarfallsendingu á. Þótt örfáum öðrum nöfnum hafi verið hafnað á þeirri forsendu að þau taki ekki eignarfallsendingu tel ég það hægna túlkun. Mannanafnanefnd hafnaði t.d. karlmannsnafninu *Ofur* m.a. á þessari forsendu, sem og þeirri að það virtist „annaðhvort leitt af atviksorðinu eða forliðnum *ofur*“. En engin nauðsyn er að skilja nafnið á þann hátt – hvorugkynsnafnorðið *ofur* er til, í eignarfalli *ofurs*.

Við beitingu hefðarákvæðisins hefur mannanafnanefnd komið sér upp ákveðnum [vinnulagsreglum](#). Það er vitaskuld lofsvert og dregur úr hættu á því að sambærileg mál séu afgreidd á mismunandi hátt. En viðmiðin í þessum reglum eru umdeilanleg og eiga sér ekki beina stoð í lögum, þótt þau séu vissulega nefnd í [athugasemdum](#) með frumvarpi til gildandi laga.

Ekki er það síður túlkunaratriði hvort nöfn brjóti í bága við íslenskt málkerfi. Þegar þessu ákvæði hefur verið beitt er oft vísað til þess að í nöfnum komi fyrir hljóð eða hljóðasambönd sem ekki eru í íslensku, en einnig til orðmyndunarfræðilegra atriða. Þannig hefur þríliðuðum nöfnum verið hafnað á grundvelli þessa ákvæðis (t.d. [Jónheiðar](#), [Aðalvíkingur](#)). Þar er vísað í umfjöllun í [athugasemdum](#) með frumvarpi til gildandi laga, en varla er þó hægt að fullyrða að öll slík nöfn brjóti í bága við íslenskt málkerfi (sbr. t.d. [Gunnþórunn](#)). Á grundvelli þessa ákvæðis hefur einnig stundum verið hafnað karlmanns- og kvenmannsnöfnum án nefnifallsendingar (t.d. [Viking](#), [Svanhild](#)) vegna þess að þau hafa verið talin breyting eða afbökun á nöfnum sem fyrir eru ([Vikingur](#), [Svanhildur](#)), en einnig eru dæmi um að slík nöfn hafi verið samþykkt (t.d. [Auðberg](#), [Rögvald](#)) þótt sömu nöfn með nefnifallsendingu séu á mannanafnaskrá ([Auðbergur](#), [Rögvaldur](#)) og er ekki ljóst hver ástæðan er fyrir þessu ósamræmi. Þar að auki hefur mannanafnanefnd stundum hafnað nöfnum á merkingarlegum forsendum með vísan til þessa ákvæðis (t.d. [Aðalvíkingur](#), [Reykdal](#); bæði nöfnin voru reyndar samþykkt síðar). Þar tel ég að nefndin fari út á mjög hálan ís.

Í fljótu bragði virðist ritháttur vera algengasta orsök þess að nöfnum er hafnað. Þar er um þrennt að ræða. Sumum nöfnum er hafnað vegna þess að í þeim koma fyrir bókstafir sem ekki teljast til íslenska stafrófsins (einkum *c*, *w* og *z*, sbr. [Nicoletta](#), [Werner](#), [Liza](#)). Þetta er í sjálfu sér skýrt viðmið. Sumum nöfnum er hafnað vegna þess að í þeim koma fyrir stafastæður sem ekki eru venjulega ritaðar saman í íslensku, t.d. *ia* ([Emilia](#)), *ie* ([Diego](#)) o.fl. Þarna geta ýmis álitamál komið upp og ekki virðist fullt samræmi í úrskurðum mannanafnanefndar hvað þetta varðar. Þannig er (*e*)*id* leyft ([Heida](#), [Alida](#)) og *ae* ([Gael](#)) en þær stafastæður eru tæpast íslenskulegri en hinar fyrri. Sumum nöfnum er svo hafnað vegna þess að um er að ræða óvenjulegan rithátt á nöfnum sem til eru í málinu (t.d. [Dyljá](#), en hins vegar var [Marínó](#) samþykkt þótt [Marínó](#) væri fyrir á skrá). Þarna geta líka komið upp ýmiss konar álitamál; ekki er alltaf skýrt hvenær um er að ræða tvenns konar rithátt sama nafns og hvenær er beinlínis um tvö mismunandi (en lík) nöfn að ræða (t.d. var [Jósebína](#) samþykkt þótt [Jósefína](#) væri fyrir á skrá).

Ég legg áherslu á að í langflestum tilvikum eru úrskurðir mannanafnanefndar ótvírætt réttir og óumdeilanlegir, miðað við þau lög sem henni er gert að starfa eftir. Það sem hér er sagt um umdeilanlega úrskurði nefndarinnar og það sem mér virðist ósamræmi í úrskurðum er ekki sagt henni til hnjóðs, enda er hlutskipti hennar ekki öfundsvert. Þetta er dregið hér fram til að benda á hversu snúin lögin eru í framkvæmd, og hversu vandasamt er að beita þeim á samræmdan og sanngjarnan hátt.

En þrátt fyrir að framangreind ákvæði séu sett til verndar íslenskri tungu eiga erlend mannanöfn tiltölulega greiða leið inn í málið, eins og auðséð er þegar [úrskurðir mannanafnanefndar](#) eru skoðaðir. Það skiptir vart sköpum fyrir framtíð tungunnar hvort haldið er í þær hömlur sem eru á upptöku nýrra erlendra (og innlendra) nafna. Mannanöfn eru svo sérstakur og afmarkaður hluti tungumálsins að ekki er líklegt að þau hafi veruleg áhrif á aðra þætti þess, enda eru nýleg nöfn sem reyna á ákvæði mannanafnalaga flest eða öll [mjög sjaldgæf](#).

Hér verður líka að horfa til fleiri þátta. Nöfn eru tilfinningamál og nafnréttur manna ríkur, eins og staðfest er með ýmsum dómum, bæði frá [Mannréttindadómstól Evrópu](#), [Héraðsdómi Reykjavíkur](#) o.fl., og með vísun til t.d. [mannréttindasáttmála Evrópu](#) og [stjórnarskrár Íslands](#). Ríkar ástæður verða að vera til þess að sá réttur sé skertur.

c. Ákvæði um að stúlku skuli gefa kvenmannsnafn og dreng karlmannsnafn.

Ekki verða séð nein rök fyrir því að hafa skörp skil milli karlmanns- og kvenmannsnafna. Útilokað er að fella það undir vernd íslenskrar tungu – nöfnin eru að sjálfsögðu jafnislensk (eða óislensk) hvort sem karlar eða konur bera þau. Ekki er heldur einhlítt að samræmi sé milli kyns nafnbera og málfræðilegs kyns nafns, sbr. *Sturla* sem er karlmannsnafn en hefur beygingu kvenkynsorða. Fáein nöfn eru eða hafa verið notuð bæði sem karlmanns- og kvenmannsnöfn, t.d. *Auður* og *Blær*, og dæmi eru um nöfn sem eru karlmannsnöfn í erlendum tungumálum en kvenmannsnöfn á Íslandi, og öfugt, sbr. nýlegt dæmi um *Alex*.

Sumt fólk er hvorki fullkomlega karlkyns né kvenkyns, skilgreinir sig hvorki sem karlkyns né kvenkyns, eða vill ekki opinbera kyn sitt eða kynvitund. Engin ástæða er fyrir löggjafann að krefjast þess að allir heiti nafni sem opinberar kyn þeirra, kyn sem fólkið er kannski ekki sátt við. Það þætti vitaskuld fráleit og ósiðleg hugmynd að gá milli föta fólks til að athuga kyn þess – en við þurfum þess ekki heldur, nafnið er alveg jafn afhjúpanði. Trú er einkamál fólks, stjórn-málaskoðanir og kynhneigð líka, og aldur getur verið viðkvæmt mál. Kyn og kynvitund ætti vitaskuld að falla í sama flokk – vera einkamál fólks, sem það ætti ekki að vera skyldugt til að opinbera með nafni sínu. Þetta er augljóst mannréttindamál og mjög nauðsynlegt að afnema þessi skil og leyfa kynhlutlaus nöfn. Það er gert í nýja frumvarpinu með því að leyfa skráninguna „annað/orátt“ auk karlkyns og kvenkyns, og með því að leyfa kenninöfnum að enda á „bur“ eða „barn“ auk „son“ og „dóttir“.

d. Ákvæði um að eiginnöfn megi ekki vera þannig að það geti orðið nafnbera til ama.

Í umræðunni hefur því stundum verið haldið fram að þetta ákvæði sé börnum nauðsynleg vernd. Ákvæðið er þó af ýmsum ástæðum erfitt í framkvæmd. Eitt er að það er vitanlega matskennt hvað geti orðið fólki til ama. Vald til að meta það er algerlega lagt í hendur mannanafnanefnd sem er skipuð málfræðingum og lögfræðingum en ekki t.d. sálfræðingum og leikskólakennurum, og nefndin hefur engin viðmið í þessu mati. Því er hætt við að beiting ákvæðisins verði tilviljanakennd. Annað er að ákaflega erfitt er að segja til um það hvaða nöfn geti orðið mönnum til ama. Slíkt getur ráðist af ýmsum tilviljunum og er háð þjóðfélagsbreytingum og málbreytingum. Sem dæmi má nefna að sumar persónur, raunverulegar eða skáldaðar, geta fengið á sig svo illt orð að það komi niður á nöfnum þeirra. *Gróa* og *Mörður* eru góð dæmi um þetta (eins og bent er á í *Nöfnum Íslendinga* eftir Guðrúnu Kvaran og Sigurð Jónsson frá Arnarvatni). Auðvitad er engin leið að sjá hvort tiltekið nafn gæti fengið á sig óorð einhvern tíma í framtíðinni af svipuðum ástæðum.

Það eru ekki miklar líkur á að foreldrar vilji gefa börnum sínum nöfn sem gætu orðið þeim til ama, enda hefur sárasjaldan reynt á þetta ákvæði laganna. Þeir sem eru orðnir sjálfráða geta líka breytt nafni sínu. En ef til stendur að gefa barni ósæmilegt eða óviðurkvæmilegt nafn fellur það undir barnaverndarlög þar sem segir m.a. í 1. grein: „Allir sem hafa uppeldi og umönnun barna með höndum skulu sýna þeim virðingu og umhyggju og óheimilt er með öllu að beita börn ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi. Foreldrum ber að sýna börnum sínum umhyggju og nærfærni [...]“ Augljóslega er það „vanvirðandi háttsemi“ en ekki virðing, umhyggja og nærfærni að gefa barni óviðurkvæmilegt nafn. Sérstakt amaákvæði í mannanafnalögum er því óþarft.

e. Ákvæði um millinöfn, hugtakið ekki lengur notað.

Millinöfnum var ekki síst komið á sem eins konar sárabót fyrr þá sem vildu nota fjölskyldunöfn en höfðu ekki heimild til að nota ættarnöfn. Ef bann við upptöku ættarnafna verður fellt úr gildi, svo og reglur um gerð eignafna, verða sérstök ákvæði um millinöfn óþörf; þau verða þá ýmist eiginnöfn eða kenninöfn eftir ákvörðun hvers og eins.

f. Ákvæði um ættarnöfn, engar takmarkanir verða á notkun ættarnafna og því fellur bæði á brott öll vernd eldri ættarnafna, sem og bann við nýjum.

Það ætti ekki að þurfa að rökstyðja að ákvæði gildandi [mannanafnalaga](#) um ættarnöfn (8. og 9. grein laganna) standast ekki nútíma jafnréttishugmyndir. Það gengur ekki að sumum sé heimilt að bera ættarnöfn og öðrum ekki. Það gengur heldur ekki að ættarnöfn geti gengið til niðja þeirra sem báru ættarnöfn við gildistöku laganna, en ættarnöfn þeirra sem fá íslenskan ríkisborgararétt með lögum megi ekki ganga til niðja þeirra. Í [athugasemdum](#) með frumvarpi til gildandi mannanafnalaga kemur fram að nefndin sem samdi lögin gerði sér fulla grein fyrir þessari mismunun og hefði helst viljað leggja til að ættarnöfn gengju framvegis ekki til niðja. Nefndin varð „þess hins vegar áskynja að víða væri hörð andstaða gegn því að nokkuð yrði hróflað við ættarnöfnum“ og taldi sér því ekki fært að halda þeirri hugmynd til streitu. En í ljósi þess að ekki verður betur séð en þessi mismunun sé skýrt brot á 65. grein [stjórnarskrár](#) þar sem segir m.a. að allir „skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til [...] ætternis [...]“ getur ekki annað komið til álita en jafna rétt landsmanna hvað þetta varðar.

g. Ákvæði um að maður skuli kenna sig til foreldra sinna ef hann ber ekki ættarnafn.

Oft er bent á að Íslendingar hafi [einir germanskra þjóða](#) varðveitt þann sið að kenna sig til föður eða móður, og mikilvægt sé að halda þeim sið áfram. Undir það má vel taka. Stundum er látið að því liggja að bann við upptöku ættarnafna sé liður í vernd íslenskrar tungu. Engin leið er hins vegar að halda því fram. Þessi siður er hluti af íslenskri menningu, en ekki sérstaklega af íslenskri tungu. Ættarnöfn eru í eðli sínu hvorki íslenskulegri né óíslenskulegri en föður- og móðurnöfn. Fjöldi ættarnafna er af alíslenskum rótum og óþarft að taka dæmi um það. Mörg ættarnöfn eiga sér vissulega erlendan uppruna en sama má segja um eiginnöfn. Erfitt er að sjá að notkun ættarnafna valdi einhverjum sérstökum málspjöllum.

Af umræðunni mætti stundum draga þá ályktun að til stæði að banna mönnum að kenna sig til föður eða móður. Um það er að sjálfsögðu ekki að ræða, en margir virðast gera því skóna að ef upptaka ættarnafna yrði leyfð myndi kenning til föður eða móður [hverfa á stuttum tíma](#). Það er auðvitað hugsanlegt en fjarri því að vera fullvíst. Stundum er vísað til þess að föðurnöfn hafi horfið í Danmörku og Noregi á stuttum tíma, en slíkar vísanir til ólíkra samfélaga á öðrum tímum hafa takmarkað gildi. Nútímaviðhorf í jafnréttismálum eru t.d. líkleg til að valda því að konur séu ófúsari en áður að taka upp ættarnafn eiginmannsins. Hér má enn fremur benda á að vegna þess að Íslendingar hafa einir haldið þeim sið að kenna sig til föður eða móður er það ákveðið þjóðareinkenni sem vel má hugsa sér að margir vilji halda í þess vegna, en um slíkt var ekki að ræða í Danmörku og Noregi. Einnig má vísa til þess að í Færeyjum mun hafa [færst í vöxt](#) á seinustu árum að kenna sig til föður.

Hvað sem líður áhyggjum af því að föður- og móðurnöfn hyrfu á stuttum tíma, og hversu mikilvægt sem mönnum þykir að halda í þann sið, þá er ljóst að núgildandi lög fela í sér mismunun sem ekki verður við unað í nútímapjóðfélagi.

h. Ákvæði um takmarkanir á notkun erlendra nafna.

Hér má vísa til athugasemda við *b*-lið. Réttur manns til nafns, og réttur foreldra til að ráða nafni barns síns, er mjög ríkur og verður ekki takmarkaður nema hagsmunir þjóðfélagsins krefji. Í þessu sambandi má nefna að það er alsíða að nefna börn í höfuð skyldmenna, ekki síst afa og ömmu. Þetta þykir bera vott um ræktarsemi við ætt og uppruna og er mörgum mikið tilfinningamál. En stundum er foreldrum beinlínis bannað að nefna börn sín í höfuðið á afa og ömmu þótt vilji standi til þess. Fólk sem fær íslenskan ríkisborgararétt er vissulega ekki lengur þvingað til að breyta nafni sínu, en því er meinað að fá nafna eða nöfnur þegar barnabörnin koma, ef nöfnin sem um er að ræða eru ekki á mannanafnaskrá og fullnægja ekki skilyrðum til að komast á hana. Þetta getur valdið miklum sárindum og hugarangri þeirra sem í hlut eiga, enda augljós mismunun sem stenst ekki nútímahugmyndir um jafnræði.

i. Ákvæði um takmarkanir á fjölda nafnbreytinga.

Engin sérstök ástæða er til að takmarka fjölda nafnbreytinga en sjálfsagt að taka gjald fyrir nafnbreytingar umfram eina. Ólíklegt er að margir fari að stunda það að breyta um nafn hvað eftir annað. Aðalatriðið er að kennitala sé einkvæm skráning.

Niðurstaða mín er þessi: Engin ástæða er til að ætla að íslenskri tungu stafi hættu af þeim breytingum sem felast í fyrirliggjandi frumvarpi. Erlend mannanöfn eiga nú þegar greiða leið inn í málið og ekki hefur verið sýnt fram á að þau hafi valdið málsþjöllum. Kenning til föður og móður er vissulega hluti íslensks menningararfs en ættarnöfn eru samt ekkert síður hluti íslenskrar tungu en föður- og móðurnöfn. Ekkert liggur fyrir um það að kenning til föður og móður hverfi á stuttum tíma þótt ættarnöfn verði almennt leyfð.

Fyrirliggjandi frumvarp er veruleg réttarbót og afnemur þá mismunun sem felst í gildandi lögum og er í raun mannréttindabrot.

Virðingarfyllst,

Eiríkur Rögnvaldsson,

prófessor í íslenskri málfræði

Háskóla Íslands